ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Nefndarsvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

28. desember 1996

Alþingi
Erindi nr. Þ 121 / 240
komudagur 28 / 11 1996

Efni: Umsagnir um 142., 144., 145., 146. og 147 mál.

Óskað hefur verið eftir umsögn miðstjórnar Alþýðusambands Íslands um ofangreind mál. Vegna anna við árlegan sambandsstjórnarfund ASÍ, sem haldin var daganna 19. og 20. nóvember s.l., hefur miðstjórn ASÍ ekki komið saman til fundar frá því að þessi frumvörp bárust. Þessi umsögn hefur því ekki verið borin undir formlegan fund miðstjórnar ASÍ og því nauðsynlegt að hafa þann fyrirvara á málinu.

142. mál, vörugjald.

Miðstjórn ASÍ hefur áður gert athugasemdir við þá aðferð sem ríkisstjórn og Alþingi ákvað við lækkun vörugjalda, sérstaklega lækkun á endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna vinnu á byggingarstað og hækkun tryggingagjalds atvinnurekenda. Ástæða er til þess að ítreka þessi mótmæli nú, þegar til stendur að hækka tryggingagjald atvinnurekenda um 0,15% til þess að fjármagna frekari lækkun á vörugjöldum. Með þessu er ferið að færa skattheimtuna af innfluttum vörum alfarið yfir á innlenda verðmætasköpun. Þar sem búið er að koma til móts við athugasemdir ESA er ljóst að engin sérstök rök eru fyrir þessari málsmeðferð. Miðstjórn ASÍ mælir því ekki með samþykkt þessa frumvarps.

144. mál, virðisaukaskattur.

Miðstjórn ASÍ fagnar þeim breytingum sem hér eru kynntar varðandi málsmeðferðarákvæði laganna á þeim grundvelli að miklvægt sé að slík ákvæði séu skýr og greinileg og fyrirfram þekkt. Enn og aftur vill miðstjórn ASÍ ítreka mótmæli sín við lækkun á endurgreiðslu vegna vinnu við byggingu og viðhalds og endurnýjunar á íbúðarhúsnæði. Umræddar breytingar valda því að íbúðarhúsnæði hækkar í verði og leiðir jafnframt til meiri undanskota frá skatti. Miðstjórn ASÍ telur nauðsynlegt í ljósi þessara breytinga, að þessar reglur verði endurskoðaðar með það að markmiði að koma í veg fyrir undanskot frá skatti.

145.mál, tryggingagjald.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að lækka atvinnutryggingagjald úr 1,5% í 1,35% og nýta þetta svigrúm til þess að hækka almenna tryggingagjaldið um 0,15% til þess að fjármagna lækkun á vörugjöldum, sbr. hér áður. Miðstjórn ASÍ lýsir furðu sinni á þessari málsmeðferð, því á sama tíma og atvinnutrygginagjaldið er lækkað að sögn vegna minni fjárþarfar atvinnuleysistryggingasjóðs eru uppi áform um að skerða atvinnuleysisbætur á næstu árum. Þessi skerðing kemur bæði fram með hertum

Grensásvegur 16A Pósthólf 8720 128 Reykjavík Sími 581 3044 Bréfasími 568 0943 Netfang: skrifst@asi.is Kennitala 420169-6209

bótareglum og með því að atvinnuleysisbætur hækki aðeins í samræmi við áætlaða verðbólgu á næsta ári en ekki í samræmi við launabreytingar á vinnumarkaði. Því telur miðstjórn ASÍ að hér sé í reynd verið að lækka atvinnuleysisbætur um hundruðir milljóna króna til þess að rýma til fyrir lækkun vörugjalda. Því mælir miðstjórn ASÍ ekki með því að þessi hluti frumvarpsins verði samþykktur og þess í stað verði fallið frá áformaðri lækkun atvinnuleysisbóta.

Í frumvarpinu er jafnframt gert ráð fyrir því að samræma tryggingagjald milli atvinnugreina með þeim hætti að landbúnaður, sjávarútvegur, iðnaður o.fl. hækki um 0,5% á ári fram til ársins 2000 en lækki að sama skapi hjá öðrum greinum. Hér er úr vöndu að ráða, ef marka má athugasemdir Eftirlitsstofnunar EFTA. Miðstjórn ASÍ telur í ljósi þessa mikilvægt að þessi aðlögun verði framkvæmd á lengri tíma en hér er gert ráð fyrir, þannig að þau fyrirtæki sem lenda í hækkuðu tryggingagjaldi hafi lengri aðlögunartíma svo ekki komi til verðhækkana á verðlagi hér innanlands. Jafnframt er nauðsynlegt að viðhafa strangt eftirlit með því að þjónustufyrirtækin í landinu skili áætlaðri lækkun á tryggingagjaldi í verðlagi á þeirri þjónustu sem þau standa fyrir.

146. mál, tekjuskattur og eignarskattur.

Yfirfærsla rekstrartaps milli ára: Í frumvapinu er gert ráð fyrir því að lengja það tímabil sem fyrirtækjum er heimilt að nýta rekstrartap úr fimm árum í átta ár til frambúðar. Meginrökin fyrir þessari breytingu er að fimm ára tímabilið sé of stutt vegna þess að hagsveiflur hér á landi virðast vera lengri en sem þessu nemur. Ekki hafa þó verið lögð fram nein gögn þessu til staðfestingar. Nú kann það engu að síður að vera eðlilegt að lengja þennan tíma, en miðstjórn ASÍ telur að eðlilegra væri að þessi lenging á tímabilinu tæki gildi í áföngum á næstu þremur árum þannig að eitt ár bættist við á hverju ári. Með þeim hætti yrði ákvörðunin yrði ekki afturvirk. Hvað viðkemur hins vegar bráðabirgðaákvæði laganna, þar sem heimilað verður að nýta rekstrartap áranna 1988-90 fram til ársins 2000, er ljóst að um beina skattalækkun er að ræða til atvinnulífsins því hér er um verulegar fjárhæðir að ræða. Þetta kemur m.a. fram í greinargerð með frumvarpinu. Í þessu ljósi vekur það furðu að fjárlagaskrifstofa fjármálaráðuneytisins telji ekki ástæðu til þess að upplýsa hvorki þing né þjóð hvaða tekjuáhrif þetta hefur í för með sér fyrir ríkissjóð á næstu árum. Eðlilegt er að gera þá skýlausu kröfu að þetta verði upplýst áður en málið verði aftur lagt fyrir Alþingi. Miðstjórn ASÍ lýsir sig hins vegar andsnúna þessu bráðabirgðaákvæði og telur brýnna að nýta þær fjárhæðir sem þetta kostar ríkissjóð til þess að draga úr skattlagningu á heimilin í landinu.

Sveigjanlegar afskriftareglur: Miðstjórn ASÍ tekur undir nauðsyn þess að afskriftareglur verði gerðar sveigjanlegri. Ástæða er þó til þess að undirstrika nauðsyn þess að endurskoðendum verði gert skylt að upplýsa það rækilega í áritun sinni á ársreikninga þegar fyrirtæki breyta afskriftareglum milli ára.

Afnám hlutabréfafrádráttar: Miðstjórn ASÍ er sammála því að afnema eigi þessa frádráttarheimild, enda hefur hún alfarið snúið að þeim hluta atvinnulífsins sem síst hefur á slíkri heimild að halda, þ.e. stórum almenningahlutafélögum. Nauðsynlegt er hins vegar að Alþingi taki afstöðu til þess með hvaða hætti eigi að mæta því að samkvæmt núgildandi reglum er möguleiki á því að millifæra milli ára ef keypt eru hlutabréf fyrir hærri fjárhæð en að hámarki er leyfð.

147. mál, Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda.

Miðstjórn ASÍ mælir með samþykki þessara breytinga, sem lagðar eru fram samkvæmt beiðni stjórnar Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda.

Jafnframt fagnar miðstjórn ASÍ þeirri breytingu sem felst í 2. gr. frumvarpsins, þar sem sjóðnum er heimilað að taka við viðbótariðgjaldi umfram 10% skyldutryggingariðgjaldið. Þetta er í samræmi við þá stefnu ASÍ að hvetja til aukins lífeyrissparnaðar með greiða aukaiðgjald til lífeyrissjóðanna. Hins vegar vill miðstjórn ASÍ vekja athygli á því misræmi sem er á þessu ákvæði og því ákvæði sem lagt er til í frumvarpi um breytingar á lögum um lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins. Þar segir í síðustu mgr. 25 gr. frumvarpsins:

> *"Heimilt er að setja ákvæði í samþykktir sjóðsins um að lífeyrissjóðurinn megi taka við viðbótariðgjaldi sem greitt verði umfram iðgjald skv. 2. og 4. sbr. 5. mgr., og að viðbótariðgjaldi þessu verði varið til ávinnslu réttinda hjá lífeyrissjóðnum eftir nánari reglum í samþykktum sjóðsins og í samræmi við tillögur tryggingafræðinga."*

Í þessu ákvæði er kveðið mun fastar að orði og stjórn sjóðsins í raun falið að ganga frá málinu, á meðan ráðherra er fengin reglugerðarheimild til þess að gera sambærilegar breytingar hjá Söfnunarsjóðnum. Miðstjórn ASÍ þykir eðlilegra að hér sé jafnræðis gætt í málsmeðferð og leggur til að þessari grein verði breytt til samræmis við ofangreint ákvæði.

Í frumvarpi til laga um breytingar á lögum um lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins er gert ráð fyrir því að allir starfsmenn ríkisins sem nú greiða í Söfnunarsjóðin, og eiga aðild að samtökum opinberra starfsmanna, verði færðir yfir í nýstofnaða A-deild LSR. Þetta vekur upp þá spurningu hvort ekki sé ástæða til þess að gera breytingar á tilnefningu í stjórn Söfnunarsjóðsins.

Þessu er hér með komið á framfæri.

Með kveðju,
f.h. miðstjórnar ASÍ
með fyrirvara um samþykki

Gylfi Arnbjörnsson
hagfræðingur ASÍ